

Mánudaginn 13. dag júnímán.

Nr. 59/1909:

Einar M. Jónasson

gegn

Thor Jensen og Eggert Claessen

fyrir hönd h/f P. J. Thorsteinsson & Co.

D ó m u r :

Áfrýjandiinn Einar M. Jónasson yfirréttarmálaflutningsmaður hefir með stefnu, dags. 21. desbr. f. á., skotið til yfirdómsins fjárnámi, er gjört var 27. nóvbr. f. á. af sýslumanninum í Gullbringu og Kjósarsýslu, eftir kröfu frá stjórn hlutafélagsins P. J. Thorsteinsson & Co., í botnvörpuskipinu »Valur«, tilheyrandi samnefndu hlutafélagi, fyrir veðskuld í skipinu, kr. 13691,93, auk vaxta og kostnaðar, samkvæmt veðskuldabréfi dags. 16. janúar f. á. Áfrýjandi, sem er hluthafi í hlutafélaginu »Valur«, krefst þess nú fyrir yfirdóminum, að fjárnámsgjörðin verði algjörlega ónýtt og feld úr gildi, og hinir stefndu dæmdir til að greiða sér skaðabætur og málskostnað.

Af hálfu hins stefnda hlutafélags er það aðalkrafa, að málinu verði vísað frá yfirdómi, en varakrafa, að félagið verði sýknað af öllum kröfum áfrýjanda og fjárnámið staðfest, og að áfrýjandi, hvernig sem málið fer, verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað eftir mati réttarins.

Því er haldið fram af hendi hinna stefndu, að áfrýjanda bresti heimild til málskots þessa, með því hann sé eigi annað en hluthafi í fiskiveiðahlutafélaginu Valur og eigi að eins $\frac{5}{12}$ af hlutafénu, en samkvæmt lögum félagsins hafi hluthafar alls engin ráð yfir málefnum þess

milli funda, heldur sé alt vald í höndum stjórnarinnar. Svo sé og áfryjunin markleysa fyrir þá sök, að áfryjandi einn geti eigi verið gildur málsaðili, en í málinu verði að vera samsókn (litis consortium) svo margra hluthafa, að félagsviljinn komi fram samkvæmt félagslögnum, því það sé auðsætt, að fjárnámið geti ekki orðið felt úr gildi þannig, að það taki til áfryjanda eins. Af þessum ástæðum er krafist frávísunar málsins eða til vara sýknunar stefndu.

Samkvæmt lögum hlutafélagsins »Valur« er það svo, að félagsstjórnin á að ráða málefnum þess milli funda, að því leyti sem vald formanns nær eigi til, en honum er gjört að skyldu að gæta réttar félagsins gagnvart öðrum í öllum greinum, og það bar því undir hann, að gæta hagsmuna þess við fjárnámið í skipi félagsins 27. nóvbr. f. á. og uppboð á því, sem fór fram 23. desbr. f. á. En nú sést það af skjölum málsins, enda er það samkvæmt lögum hlutafélagsins »Valur«, að sami maðururinn, Thor Jensen framkvæmdarstjóri, er formaður beggja hlutafélaganna, en honum er stefnt í þessu máli fyrir hönd P. J. Thorsteinsson & Co., og mætti fjárnámið því eðlilega eigi mótmælum frá honum, og hinir stjórnendur félagsins gjörðu heldur eigi neitt að í því efni. Þeir hefðu þó getað að lögum skorist í málið af hálfu félagsins, ef þeir hefðu fundið ástæðu til þess. Að vísu er það satt, að aðalfundur hafði eigi verið haldinn á árinu 1909 og því engir nýir stjórnendur kosnir við hlið formanns, þótt tími sá væri löngu liðinn, er þetta átti að gjörast á, en það verður eigi fyrir það talið, að félagið hafi verið stjórnarlaust, heldur verður að álíta, að stjórnarnefndarmenn þeir, er fyrir voru, hafi verið skyld-

ir að gegna áfram, þar til ný stjórn varð kosin, en það var aftur réttur hluthafa að halda stjórn sinni, með þeim ráðum, er lögin lögðu þeim í hendur, til að gjöra ráðstafanir til slíkrar kosningar, ef þeir vildu beita sér til þess. En til hins var engin heimild í félagslögunum, að hluthafar, og þá heldur eigi áfryjandi — þótt hann geti talist löglegur hluthafi, sem stefndu hafa neitað að hann hafi verið, — gætu tekið sér vald til að reka réttar félagsins, sem annars var hlutverk félagsstjórnarinnar einnar, og það verður því eigi álitid, að áfryjandi hafi haft heimild til að áfryja máli þessu, og ber þess vegna að vísa því frá yfirdómi. Málskostnaður þykir eftir atvikum mega falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdómi. Málskostnaður fellur niður.

Nr. 18/1910:

Réttvísin

gegn

Egli Sigurði Kristjánssyni.

D ó m u r:

Mál þetta var í héraði höfðað gegn Guðrúnu Stefánsdóttur ekkju, syni hennar Egli Sigurði Kristjánssyni og Ólafi Jónssyni unglingspilti fyrir þjófnað og hlutdeild í þjófnaði, og voru þau dæmd í aukarétti Norður-Múla-